



Umhverfis- og orkustofnun

Þorbjörg Sigfúsdóttir

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Garðabær, 26.5.2025

Málsnúmer: 202505-0021

L.Á.

Efni: Umsókn um nýtingarleyfi á grunnvatni í landi Steindórsstaða í Borgarfirði

Vísað er í tölvubréf frá Umhverfis- og orkustofnun þann 6. maí 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn Orkuveitu Reykjavíkur, vatns- og fráveitur sf. um nýtingarleyfi á grunnvatni til 50 ára í landi Steindórsstaða í Borgarfirði. Sótt er um leyfi til nýtingar á 20 l/s en í gildi er nýtingarleyfi frá árinu 2010 uppá allt að 10 l/s. Veitur ohf. sjá um rekstur vatnsbóls á áreyrum framan við Rauðsgil. Rauðsgil er á náttúruminjaskrá innan svæðis nr. 204, og nefnist það „Reykjadalsá ásamt nálægum hverum og Rauðsgil“.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér fylgigögn umsóknar og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Brunnsvæði og grannsvæði skarast við mörk náttúruminjasvæðisins og þarf því að ganga vel um svæðið. Vinnsluholur hafa nú þegar verið boraðar (SS-08 og SS-09) og grafinn brunnur til vatnstöku, en fram kemur í umsókn að æskilegt væri að bora viðbótarholur á svæðinu til að viðhalda afkastagetu og auka rekstraröryggi. Útfrá mælingum sem gerðar hafa verið stendur brunnsvæðið í dag undir vatnsnýtingu á 20 l/s en nýting umfram það í lengri tíma gæti haft áhrif á vatnsbólið. Náttúrufræðistofnun reiknar með að rekstraraðilar þurfi að sækja um leyfi til borunar á viðbótarholum, sérstaklega þar sem um er að ræða svæði á náttúruminjaskrá.

Náttúrufræðistofnun telur 50 ára nýtingarleyfi vera langur tími og að forsendur geti breyst mikið á þeim tíma s.s. með aukinni frístundabyggð og nýjum verslunar- og þjónustusvæðum. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við umsókn um nýtingarleyfi en telur að leyfið ætti að miðast við 30 ár.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur